

Föstudaginn 1. nóvember 1963.

Nr. 8/1962. **Helga Þorsteinsdóttir f. h. Árna Björnssonar**
(Magnús Óskarsson hdl.)

gegn
Jóni Sigurðssyni (Enginn)
og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sveinn H. Valdimarsson hdl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason og
Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theo-
dór B. Líndal.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Af hálfu áfrýjanda, Árna Björnssonar, hefur eiginkona hans, Helga Þorsteinsdóttir, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. janúar 1962. Í stefnunni er tekið fram, að málinu sé áfrýjað, að því er varði alla hina stefndu í héraði, þá Jón Sigurðsson, Svein Einarsson og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Stefna þessi var hins vegar birt fjármálaráðherra einum. Með framhaldsstefnu 29. desember 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m., er málinu skotið til Hæstaréttar af hálfu áfrýjanda, að því er tekur til stefnda Jóns Sigurðssonar. Áfrýjandi hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti, takmarkaða við það, að kostnaður ríkissjóðs af henni fari ekki fram úr kr. 20.000.00. Hér fyrir dómi gerir áfrýjandi þær kröfur, að stefndu Jóni Sigurðssyni og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmt in solidum til að greiða honum kr. 1.218.515.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. júní 1952 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krefst *aðallega* staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er til hans tekur, en *til vara* lækkunar á kröfufjárhæðum áfrýjanda og að honum verði ekki dæmt að greiða neinar fjárhæðir in solid-

um með stefnda Jóni Sigurðssyni. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Jón Sigurðsson gagnáfrýjaði af sinni hálfu með stefnu 16. maí 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. apríl s. á. Gagnsökin var þingfest hinn 4. júní 1963 og sameinuð aðal-sökinni. Þegar málið var tekið fyrir til flutnings hinn 29. október s.l., kom enginn fyrir dóm af hálfu Jóns Sigurðssonar. Féll gagnsökin þá niður, án þess að nokkrar kröfur væru uppi hafðar í henni. Hefur málið verið flutt munnlega í Hæstarétti, og verður það, að því er tekur til stefnda Jóns Sigurðssonar, dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu stefnda fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs af kröfum áfrýjanda.

Koma þá til athugunar kröfur áfrýjanda á hendur stefnda Jóni Sigurðssyni.

Guðjón Hansen cand. act. hefur hinn 24. október 1963 gert nýja áætlun um atvinnutjón áfrýjanda með hliðsjón af breytingum á kaupgjaldi o. fl., sem orðið hafa, eftir að hann gerði áætlun þá, dags. 23. janúar 1959, sem greinir í héraðsdómi. Í hinum nýja áætlunarreikningi er miðað við 7% ársvexti. Eru niðurstöðutölur nú þessar: Ef miðað er við tekjur samkvæmt A-lið áætlunarinnar frá 1959, nemur atvinnutjónið kr. 1.087.382.00, en sé miðað við tekjur samkvæmt B-lið, nemur tjónið kr. 908.981.00. Þessar tölur hvor um sig lækka þó um kr. 70.775.00 vegna verðmætis þess lífeyris, sem reiknað er með, að aðaláfrýjandi fái umfram það, sem hann hefði mátt gera ráð fyrir að fá, ef hann hefði ekki orðið fyrir áverka þeim, sem um ræðir í málinu.

Samkvæmt málavöxtum og með hliðsjón af hinum nýja áætlunarreikningi þykja örorkubætur, sbr. 1. kröfulið í héraði, hæfilega ákveðnar kr. 700.000.00. Bætur samkvæmt 2. og 3. kröfulið í héraði teljast hæfilega ákveðnar í héraðsdómi, samtals kr. 200.000.00. Ber stefnda Jóni Sigurðssyni að greiða áfrýjanda samkvæmt þessu kr. 900.000.00 ásamt vöxtum, eins og dæmt er í héraði.

Ákvæði héraðsdóms, að því leyti sem honum er áfrýj-

að, um málskostnað í héraði og talsmannslaun má staðfesta. Að því er tekur til sakar áfrýjanda og stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, telst rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Dæma ber stefnda Jón Sigurðsson til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 40.000.00, en þar af renni í ríkissjóð kr. 20.000.00. Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Helgu Þorsteinsdóttur f. h. Árna Björnssonar, í máli þessu.

Stefndi Jón Sigurðsson greiði áfrýjanda, kr. 900.-000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. apríl 1955 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og talsmannslaun eiga að vera óröskuð. Að því er varðar sök áfrýjanda og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, fellur málskostnaður í Hæstarétti niður. Stefndi Jón Sigurðsson greiði áfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, kr. 40.000.00, en þar af renni í ríkissjóð kr. 20.000.00. Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Magnúsar Óskarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 20.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. desember 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., hefur Árni Björnsson tónskáld, Mjóuhlíð 10, hér í bæ, höfðað með stefnu, útgefinni 14. marz 1959, að fengnu gjafsóknarleyfi, gegn þeim Jóni Sigurðssyni, Sandgerði, Raufarhöfn, Norður-Þingeyjarsýslu, Sveini Einarssyni, Hringbraut 73, hér í bæ, og fjármálaráðherra f. h.

ríkissjóðs til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 1.218.515.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 14. júní 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi Jón Sigurðsson hefur hvorki sótt þing né látið sækja þing og hefur engar varnir haft uppi í málinu.

Stefndi Sveinn Einarsson hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans.

Málavextir eru svofelldir:

Kl. 4.55 aðfaranótt laugardagsins 14. júní 1952 var símleiðis beðið um lögregluaðstoð að Bjargarstíg vegna ölvaðra manna, er þar væru á götunni. Lögregluþjónarnir Þórður Benediktsson og Finnbogi Sigurðsson fóru á staðinn. Þar voru fyrir á götunni þrír ölvaðir menn, þeir stefndu í máli þessu, Jón Sigurðsson og Sveinn Einarsson ásamt Tómasi Albertssyni prentara. Stefndandi máls þessa, Árni Björnsson, lá þarna meðvitundarlaus á götunni. Hann hafði nokkurn áverka á höfði. Töldu lögreglumennirnir, að meðvitundarleysi hans stafaði af ofurölvun. Var honum lyft inn í lögreglubifreiðina, hann lagður á gólf hennar og síðan ekið til lögreglustöðvarinnar. Þar var Árni borinn inn og er ekki ljóst, hvort hann var borinn inn á börum eða á annan hátt. Á lögreglustöðinni var mönnum þessum haldið nokkra hríð, en sleppt að svo búnu. Árni, sem enn var meðvitundarlaus, var borinn á börum út í lögreglubifreið og ekið heim. Lögregluvarðstjórinn Magnús Sigurðsson heldur því fram, að hringt hafi verið á læknavarðstofuna eftir lækni, en hann hafi ekki verið viðstaddur. Samkvæmt vætti lögreglumanna virðast lítil ölvunarmerki hafa verið á stefnda Sveini, en nokkur á Jóni.

Næsta dag eftir hádegi hóf rannsóknarlögreglan rannsókn í máli þessu, en þá var komið í ljós, að Árni mundi alvarlega slasaður, enda enn meðvitundarlaus, og Tómas rúmliggjandi. Var þá þegar náð í báða hina stefndu, þá Jón og Svein, og þeir settir í hald að lokinni yfirheyrslu, en daginn eftir voru þeir úrskurðaðir í gæzluvarðhald.

Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um atburði þá, er áttu sér stað á Bjargarstíg umrædda nótt. Til frásagnar um þá eru stefndu Jón og Sveinn ásamt Tómasi Albertssyni. Enn-

fremur nokkur vitni, er þó sáu ekki upphaf þess, er þarna gerðist. Um Árna er það að segja, að af honum varð ekki tekin skýrsla, sbr. það, sem síðar verður rakið um meiðsli hans.

Að kvöldi hins 13. júní var í húsi Tónlistarfélagsins, Þrúðvangi við Laufásveg, haldin gleði nokkur fyrir þýzka tónlistarmenn, er verið höfðu í heimsókn hér, en voru á förum næsta morgun. Þarna voru staddir þeir Tómas Albertsson og stefnandi máls þessa. Var þarna ölteiti, og kveðst Tómas hafa komizt undir áfengisáhrif og er minni hans næsta slitrótt um atburði næturinnar. Þetta sama kvöld höfðu stefndu, Jón og Sveinn, setið að drykkju um borð í Lagarfossi. Fóru þeir þaðan einhvern tíma allöngu eftir miðnætti og skildu við samferðafólk sitt, að því er virðist utan við Miðstræti 10, en þar bjuggu þeir á þessum tíma.

Þeir hafa báðir skýrt svo frá, að skömmu síðar hafi þeir af hendingu lent í samsætinu í Þrúðvangi. Hafi þeir gengið fram hjá húsinu og hitt Jón Magnús Pétursson píanóleikara þar fyrir utan. Hafi hann verið mjög drukkin og boðið þeim að líta inn. Ekki hafa þeir stefndu, Jón og Sveinn, getað gefið neina skýringu á því, hvað þeir voru að vilja niður á Laufásveg. Jón Magnús kveðst ekki minnast þess, að hann byði neinum þarna inn, en tekur fram, að hann hafi verið drukkin og muni lítt hvað gerðist. Stefndi Sveinn kveðst í hófinu hafa gefið sig á tal við stefnanda, er hann hafi kannast lítið eitt við, og hafi þeir Jón Sigurðsson og hann fylgzt síðan burt með stefnanda, eftir að þeir stefndu höfðu verið beðnir að hafa sig á brott. Jón segir einnig, að hann hafi fylgzt með stefnanda burt. Björn Ólafsson fiðluleikari, er sá um hóp þetta, kveðst minnast þess, að hann hafi beðið einhverja óviðkomandi menn að fara á brott nokkru áður en hófinu var slitið, en það var klukkan að ganga 5.

Tómas sagði í fyrstu, að hann hefði farið úr Þrúðvangi í fylgd með stefnanda, en kvaðst ekki síðar geta um það sagt, enda fær sú frásögn hans ekki staðizt, sbr. það, sem síðar getur.

Stefndu Jón og Sveinn segja nú, að þeir hafi gengið ásamt stefnanda frá Þrúðvangi og hafi það atvikast svo, að leið þeirra hafi legið heim til stefndu í Miðstræti 10. Þar inni hafi þeir setið nokkra stund. Hafði stefnandi meðferðis fiðlu eins Þjóðverjans svo og tvö brauðföt eða diska. Stefndu segja, að meðan þeir stóðu við heima, hafi þeir eitthvað verið að fikta við fiðluna. Framburður stefndu styrkist af vætti Guðrúnar Jónsdóttur saumakonu, er bjó í Miðstræti 10, 2. hæð, beint yfir

herbergi stefndu, en hún segist hafa vaknað einhvern tíma umrædda nótt við hávært mannamál og hlátur í herbergi stefndu. Virtist henni einhverjir eða einhver vera í fylgd með stefndu, og hún kvaðst hafa heyrt einhver óvenjuleg hljóð, er hún telur að hafi stafað frá hljóðfæri.

Stefndu héldu nú burt með Árna. Höfðu þeir áður, að sögn Sveins, boðið honum gistingu, því að þeir töldu hann ofurölva, en hann þekktist eigi það boð. Þeir héldu út á Skálholtsstíg og upp þá götu og áfram Bjargarstíginn. Einhvers staðar á þessari leið hittu þeir Tómas Albertsson. Gerast nú þeir atburðir, sem eru þungamiðja málsins, og er ýmislegt óljóst um þá. Verður að rekja hér einstaka framburði.

Tómas Albertsson skýrði, sem fyrr segir, fyrst svo frá, að hann hafi verið á ferð með Árna, er þeir Jón og Sveinn hafi orðið á vegi þeirra. Hefðu þeir farið að glettast við þá féлага, og kveðst Tómas muna, að annar hafi tekið af honum hattinn. Síðan hafi hann verið sleginn af einhverjum, og muni hann síðan ekki eftir sér um stund, en er hann hafi raknað við aftur, hafi hann séð Árna liggja á götunni meðvitundarlausan og hafi einhver verið að stumra yfir honum. Síðan hafi komið lögreglubífreidd og hann, Árni og tveir aðrir menn verið fluttir á lögreglustöðina. Þar hafi hann komizt að raun um, að kr. 220.00 voru horfnar úr veski hans. Ekki gat Tómas gert sér fulla grein fyrir því, hvort þeir, sem fluttir voru með honum á lögreglustöðina, voru hinir sömu og ráðizt höfðu á hann og Árna. Er framburður Tómasar nokkuð óljós og ber með sér, að hann man óglögg atburði næturinnar.

Stefndi Jón ber mjög við minnisleysi. Hann skýrði í upphafi svo frá, að er þeir þrír gengu frá Miðstræti 10, hafi Sveinn leitt Árna, og að því er hann minni, haldið á fiðlunni. Þegar Tómas hafi slegizt í hópinn, kveðst Jón hafa farið að glettast við hann, meðal annars slegið af honum hattinn. Út úr þessu hafi komið til illinda meðal þeirra, og kveðst Jón hafa barið hann eitthvað á móti. Taldi hann sig þó ekki muna til, að Tómas félli til jarðar. Jón kvaðst hafa séð það til Árna og Sveins, að Sveinn hafi sleppt taki, er hann hafði á Árna, og hafi Árni þá fallið á götuna, en Sveinn síðan farið að stumra yfir honum og beðið síðan einhvern vegfaranda að hringja til lögreglunnar. Öllu neitaði Jón um peningatöku af Tómasi Albertssyni.

Stefndi Sveinn skýrði í upphafi frá á svipaðan hátt, kvað þá féлага hafa leitt Árna, en er Tómas hafi hitt þá hafi komið

til einhverra ryskinga meðal þeirra. Kveðst Sveinn síðan hafa ætlað að skakka leikinn og sleppt Árna, en Árni hafi þá fallið á götuna. Fullyrti Sveinn þá, að hvorki hann né Jón hefði blak- að hið minnsta við Árna. Kveðst Sveinn síðan hafa farið að stumra yfir Árna. Sveinn kvaðst hafa beðið mann, er komið hafi þarna að, að hringja til lögreglunnar og beðið unz lögreglu- þjónar komu á vettvang.

Fyrir sakadómi 19. júní 1952 breytti Sveinn framburði sínum. Hann skýrði nú svo frá, að til viðureignar hafi komið milli Jóns og Tómasar, og telur hann Jón muni hafa átt upptök að henni, þótt ekki hafi hann fylgzt vel með í fyrstu. Hann minnst þess, að Jón kallaði: „Sláðu þá, Sveinn.“ Hafi þeir Tómas og Jón þá verið rétt hjá þeim Árna. Sveinn kveðst nú hafa sleppt Árna, og þá hafi Jón ruðzt á milli þeirra, patandi með hendurnar út í loftið. Í þeim svifum hafi Árni fallið til jarðar. Ekki kvaðst Sveinn þó beinlínis hafa séð Jón slá Árna, en hræddur kvaðst hann þó um, að svo hafi verið. Í síðari yfirheyrslum lýsir Sveinn því, að hann telji, að Árni hljóti að hafa orðið fyrir höggi eða hrindingu, miðað við það, hve langt hann kastaðist út á götuna. Og sé ekki öðrum til að dreifa en Jóni að hafa veitzt þannig að Árna. Sjálfur hefur Sveinn ætíð haldið fast við það, að hann hafi hvorugan þeirra Árna eða Tómas slegið eða beitt ofbeldi á annan hátt.

Hinn 19. júní játaði Sveinn einnig peningatöku þeirra félaga af Tómasi. Nánar skýrði hann svo frá, að er Árni var fallinn, hafi Jón snúið sér að Tómasi og slegið hann niður, en dröslað honum síðan að bifreið, er staðið hafi þar nærri. Er Tómas hafi raknað við og tekið að reisa sig upp, hafi Jón slegið hann aftur og hafi Tómas dasazt, en þó ekki virzt falla í rot með öllu. Þá segir Sveinn, að sér hafi dottið í hug að ná af honum peningum og sagt sem svo: „Eigum við ekki að ræna hann?“ eða eittthvað á þá leið, og hafi Jón játað því. Kveðst Sveinn hafa að því búnu farið í vasa Tómasar, tekið veski hans og úr því peninga þá, er í því voru, og stungið á sig, en veskinu aftur í vasa Tómasar. Hafi hann svo tekið að stumra yfir Árna og reynt að hlúa að honum. Sveinn sagði, að hugmyndin um peningatökuna hafi fyrst komið til, er Jón var búinn að slá Tómas niður. Skilur hann ekki, hvað hafi komið yfir sig, enda hafi sig ekki skort fé.

Eftir að Sveinn hafði breytt framburði sínum, og er gengið var á Jón, hvarf hann að nokkru leyti frá fyrra framburði. Kvaðst hann nú muna, að hann hafi slegið Tómas niður. Hann

játaði og, að Sveinn hefði stungið upp á að taka peninga af Tómasi og kvaðst hafa samþykkt það. Hefði Sveinn síðan tekið upp veski Tómasar, en ekki kvaðst Jón hafa séð, hvað Sveinn tók úr því.

Ekki viðurkenndi Jón nokkru sinni, að hann hefði slegið Árna né hrundið, en hefur þó ekki forttekið, að svo kunni að hafa verið, en minnið sé óljóst.

Sjónarvottar eru nokkrir að atburði þessum. Þó er það svo, að enginn þeirra hefur séð, er Árni féll í götuna. Verða nú rakin vætti þeirra:

Árni Þór Jónsson póstaðsgreiðslumaður, 32 ára að aldri, var á leið norður Óðinsgötu og varð litið vestur Bjargarstíg, er hann fór yfir gatnamótin. Sá hann þá fjóra menn á götunni. Einn lá á götunni. Skammt frá var einn mannanna að berja annan, og sló maðurinn hann aftur. Fjórði maðurinn var þar nær, en hafðist ekki að. Árni Þór staldraði lítið eitt við, en skundaði síðan til lögreglustöðvarinnar og skýrði frá því, hvers hann hefði orðið vísari. Fór hann síðan til vinnu sinnar og kveðst hafa komið þangað nákvæmlega kl. 5 (samkvæmt stimpilklukku).

Vitnið Einar Jóhann Einarsson, 53 ára að aldri, gekk vestur Bjargarstíg nálægt kl. 5. Sá hann, hvar maður lá á norðurhelmingi götunnar og annar var að stumra yfir honum og þurrka framan úr honum. Sunnan megin á götunni voru tveir menn, báðir ölvaðir. Var annar eitthvað meiddur í andliti og blóð á frakka hans. Menn þessir voru að stæla um, hvor hefði byrjað. Einar Jóhann hélt för sinni áfram, án þess að skipta sér af mönnum þessum.

Vitnið Sverrir Ragnar Bjarnason bréfberi, Bjargarstíg 6, 25 ára að aldri, vaknaði umrædda nótt á að gizka milli kl. 4,30 og 5 við einhver köll á götunni fyrir utan og heyrðist honum kalla að nafnið Jón. Sverrir Ragnar leit út um glugga og sá, að maður lá, að því er virtist alveg meðvitundarlaus, þvers um á nyrðri helmingi akbrautarinnar. Annar maður hafði legið sunnan til á götunni og verið að kalla eitthvað. Tveir menn hafi staðið þarna nærri og hafi annar síðan gengið að þeim, sem var að æpa, og virzt þagga niður í honum og loks hafi hann dregið manninn upp að húsinu og reynt að vefja frakka mannsins um höfuð honum. Síðan hafi hann fært sig frá manninum. Sá, sem lá, hafi þá risið upp, og hafi verið meiddur í andliti að sjá og hafi hann rétt á eftir gengið vestur eftir götunni ásamt þeim, sem verið hafði að þagga niður í honum. Sá, sem eftir varð,

hafi tekið að stumra yfir þeim, er meðvitundarlaus var, og þurrkað framan úr honum með vasaklút. Þeir tveir, er gengið höfðu frá, hafi síðan komið aftur og lögreglan síðan komið á vettvang.

Vitnið Kristólína Þorleifsdóttir, 53 ára að aldri, er býr á efri hæð hússins nr. 7 við Bjargarstíg, kvaðst hafa vaknað við hávaða af götunni og litið út um glugga. Þá hafi hún séð, að maður lá þar á grúfu á götunni og vissu fætur hans að gangstétt, en höfuðið út á götu. Var maður yfir honum, lyfti honum upp og þerrði enni hans með vasaklút. Hinum megin á götunni lá annar maður, og var hann að kalla. Hjá honum var maður, sem virtist vera að reyna að kæfa köll hans, með því að setja frakka mannsins fyrir munn honum. Þessir tveir síðarnefndu gengu síðan saman eitthvað burt, eftir að sá, sem legið hafði, var staðinn upp. Þeir komu til baka um svipað leyti og lögreglubifreiðin kom. Kristólína segir, að henni hafi heyrzt korra í hinum meðvitundarlausu manni.

Vitnið Jón Kristinn Halldórsson vélstjóri, 25 ára að aldri, býr á sömu hæð og Kristólína. Mun hann hafa litið út um sama leyti og hún, og eru framburðir þeirra mjög líkir. Kveðst Jón Kristinn hafa séð tvo menn liggja á götunni og auk þeirra voru þar tveir aðrir menn. Var annar þeirra að reyna að þagga niður í þeim, er lá að sunnanverðu á götunni, með því að vefja frakka hans um höfuð honum. Síðan stóð maðurinn upp og fór eitthvað frá um stund ásamt þeim, sem verið hafði að þagga niður í honum. Kom nú að vegfarandi og spurði þann, er var að stumra yfir þeim meðvitundarlausu, hvort hann ætti ekki að hringja til lögreglu, og féllst maðurinn á það. Maðurinn fór burt, en kom rétt strax aftur og kvaðst ekki hafa náð í síma, en hann færi nú að sækja lögreglu. Þeir, er farið höfðu burt, komu nú aftur og skömmu síðar lögreglubifreið.

Vitnið Sigríður Erla Guðmundsdóttir, 19 ára að aldri, og Guðrún Lára Guðmundsdóttir, 15 ára að aldri, búa á 1. hæð á Bjargarstíg 7. Vöknudø þær báðar, Sigríður Erla nokkru fyrr. Hún heyrði kallað á hjálp og leit þá út. Er framburður hennar í samræmi við framburði Kristólínu og Jóns Kristins, sbr. að framan. Virðist hún hafa litið út um sama leyti og þau. Hún kveðst hafa séð einn mannanna vera að þagga niður í öðrum, er lá sunnan megin götunnar. Þá hafi einn mannanna, er verið hafi í svörtum frakka — og kemur sú lýsing heim við það, sem upplýst er um fatnað stefnda Sveins — farið í vasa þess, er lá í götuni og var að kalla, og leitaði eitthvað í þeim, en ekki sá hún,

hvort hann tók neitt. Þessi maður fór því næst að þeim, er lá meðvitundarlaus á norðurhelmingi götunnar, og þurrkaði enni hans með klút og reisti hann upp til háls um leið. Hinn meðvitundarlaus maður segir Sigríður Erla hafa legið á götunni, beint utan við gluggann á herbergi hennar. Þegar vitnið Guðrún Lára leit út, var maður að þurrka framan úr hinum meðvitundarlausum, og heyrðist henni korra í manninum. Hinu megin götunnar lá maður eða sat upp við hús, og annar var að þagga niður í honum, með því að halda fyrir munninn á honum. Hann fór einnig í vasa mannsins án þess að taka þar nokkuð, svo að hún sæi. Þá kvaðst Sigríður Erla hafa heyrt, að einhver manna sagði: „Eigum við ekki að draga þá inn í port og fara“ og „ef lögreglan kemur, segjum við bara, að þeir hafi ráðizt á okkur,“ en hver þetta mælti, er henni ekki ljóst. Hún segir, að sá, er sat yfir meðvitundarlausum manninum, hafi tekið upp sigarettu og stungið upp í sig, en farið að því búnu í vasa hins meðvitundarlausum, en ekki sá hún þó manninn taka þar neitt.

Vitnið Ingveldur Einarasdóttir, 26 ára að aldri, og Robert Freeland Gestsson málari, 28 ára að aldri, búa í kjallara hússins nr. 5 við Bjargarstíg. Ingveldur vaknaði kl. ca. 4.45 við hávaða og leit út um glugga. Hún sá, að maður lá á götunni fyrir utan og var að reyna að rísa upp, en annar var yfir honum og varnaði honum þess. Hann skreið þá yfir götuna. Þar kom að maður í svörtum frakka og virtist ætla að reisa manninn við, en hinn varnaði honum þess. Maðurinn í svarta frakkanum fór nú burt, en kom rétt strax aftur, tók undir hendina á þeim, er lá, og tók veski eða vasabók úr bakvasa mannsins og lét það síðan aftur í brjóstvasa hans. Sá, sem lá á götunni, fór nú að kalla upp aftur, en sá, er fyrst hafði átt í átökum við hann, reyndi að þagga niður í honum með því að halda frakka hans fyrir vitum hans. Síðan sagði hann manninum að standa upp, og gerði hann það, og gengu þessir tveir nú báðir vestur götuna. Ingveldur fór nú og leit út um annan glugga á íbúðinni og sá hún þá, hvar maður lá á götunni nokkru austur, en til hans hafði hún ekki séð úr hinum glugganum. Sá, sem var í svörtum frakka, var hjá manninum og hélt honum að nokkru leyti uppi. Meðan þessu fór fram, hafði Róbert Freeland klæðzt, eftir að hann hafði litið snöggvast út um gluggann. Fór hann út og sá meðvitundarlausan mann, sem lá í götunni fram undan sundinu milli húsa nr. 5 og 7, og var maður dökkklæddur að þurrka framan úr honum. Robert hringdi dyrabjöllu á húsinu til að ná í síma,

en ekki var anzað. Hann fór þá inn til sín til að klæðast betur. Kveðst hann þá hafa heyrt, að einn mannanna hafði orð á því við þann, er var hjá hinum meðvitundarlausu, að þeir skyldu fara burt. Robert fór út aftur. Voru tveir mannanna þá að ganga vestur götuna, en meðvitundarlausu maðurinn var á sama stað og hinn yfir honum. Heyrði Robert korr í hinum meðvitundarlausu. Robert segir, að maðurinn, sem hjá honum var, hafi sagt, að hinir tveir hefðu orðið ósáttir og farið að fljúgast á, og við það hefði þessi maður fallið í götuna. Maðurinn var samþykkur því, að náð væri í lögreglu, og bað Robert nú stúlku, er kom út í glugga á neðri hæð hússins nr. 5, að hringja til lögreglu. Nokkru síðar kom lögreglubifreið eftir Bergstaðastræti, en var beygt upp Bjargarstíg, og fór Robert þá af stað á lögreglustöðina.

Vitnið Sigurður Örn Einarsson, 16 ára að aldri, kveðst hafa heyrt hávaða og spark utan af götunni, en hann býr í hornhúsinu á mótum Bergstaðastrætis og Bjargarstígs, nr. 24 við Bergstaðastræti. Hann kvaðst hafa heyrt dynk. Þegar Sigurður leit út, sá hann, að eigin sögn, fjóra menn. Einn lá hreyfingarlaus á grúfu á götunni, en tveir voru að berja hinn fjórða, er lá utan í lítilli bifreið, er stóð norðan megin á götunni. Annar árásarmannanna, er var klæddur dökkum frakka, hætti þó fljótt barsmíðum, en hinn, er var í ljósum frakka, hélt áfram, unz maðurinn féll í götuna, og hélt jafnvel áfram að slá hann eftir það. Sigurður fór nú frá til þess að hringja til lögreglu, en því næst aftur að sama glugga og áður. Þá var maðurinn í svarta frakkanum farinn að stumra yfir þeim, er lá í öngviti, og þerra enni hans með klút. Sá, sem barinn hafði verið, lá á götunni og kallaði á hjálp. Sá, sem hafði slegið hann, hafði orð á því við hinn dökkklædda, hvort þeir ættu ekki að hafa sig burt, en hinn vildi það ekki. Maðurinn í ljósleita frakkanum spurði þá, hvað þeir ættu að gera, ef lögreglan kæmi, og sagði hinn, að þeir skyldu þá segja, að ráðizt hefði verið á þá. Þá sá Sigurður, að ljósklæddi maðurinn gekk vestur Bjargarstíg svo og sá, er hann hafði verið að slá. Sigurður kvaðst hafa séð, að sá í dökka frakkanum stakk upp í sig sígarettu, og eftir það fór hann í vasa hins meðvitundarlausu, líkt og hann væri að leita eftir eldspýtum, en ekkert sá Sigurður hann taka.

Vitnið Ólafur Markússon kennari, er verið hafði á hófinu í Þrúðvangi, kveðst að loknu hófinu hafa gengið niður í miðbæ, en síðan suður að Þrúðvangi á ný. Hafi Tómas þá komið á móti

sér sunnan götuna, verið æstur og í uppnámi og sagt, að hann hefði orðið fyrir árás og að Árni lægi uppi í götunni og það hann Ólaf að fara á lögreglustöðina. Ólafur féllst á það, og skildi með þeim. Þegar Ólafur kom á lögreglustöðina, hafði lögreglunni þegar verið gert viðvart. Ólafur segir, að Tómas hafi verið blár og bólgin um munninn, er þeir hittust.

Framburður þeirra vitna, er rakinn hefur verið hér að framan, var gefinn í sakadómi Reykjavíkur seinni hluta júnímánaðar 1952. Hins vegar var þá látið undir höfuð leggjast að heitfesta vitni þessi. Það var fyrst gert seinni hluta janúarmánaðar 1955, eftir að refsimáli á hendur þeim stefndu Jóni Sigurðssyni og Sveini Einarssyni út af framangreindum atburðum hafði verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Þá staðfestu vitnin Tómas Albertsson, Einar Jóhann Einarsson, Guðrún Lára Guðmundsdóttir, Árni Þór Jónsson, Jón Kristinn Halldórsson, Robert Freeland Gestsson, Kristólína Þorleifsdóttir og Sverrir Ragnar Bjarnason framburði sína með eiði. Vitnið Sigurður Örn Einarsson var þá ennfremur samprófað við stefnda Svein Einarsson. Hefur vitnið haldið fast við framburð sinn í höfuðdráttum, en kveðst þó ekki beinlínis geta sagt um, hvort maður sá, er síðar reyndist stefndi Sveinn Einarsson, hafi barið Tómas Albertsson, en sér hafi virzt hann veitast að honum. Staðfesti vitni þetta einnig framburð sinn með eiði.

Loks hafa vitnin Sigríður Erla Guðmundsdóttir og Ingveldur Einarssdóttir verið samprófuð, og töldu þær sig báðar hafa reynt að skýra samvirkusamlega frá atvikum, en mundu nú atvik óljósar en þá. Unnu þær báðar eið að framburði sínum.

Eins og fyrr er frá greint, voru það lögregluþjónarnir Finnbogi Sigurðsson og Þórður Benediktsson, er komu á vettvang í lögreglubifreið og fluttu mennina niður á lögreglustöð.

Finnbogi Sigurðsson hefur skýrt svo frá í sakadómi 20. janúar 1953, að þegar hann hafi komið á vettvang, hafi Árni legið á götunni, en annar maður hafi verið að stumra yfir honum og setið með hann í fanginu, að því er vitnið minnti. Hafi Árni verið meðvitundarlaus og virtist vitninu það stafa af ölvun, enda hafi ekki sézt á honum aðrir áverkar en skráma á enni. Vitnið segir, að maður sá, er setið hafi undir Árna, hafi verið lítt drukinn, og virtist vitninu hann láta sér mjög annt um Árna. Vitnið mundi ekki, hvort Árni var strax látinn á börur, er hann var fluttur á lögreglustöðina, en minnir hins vegar, að hann hafi verið borinn á börum inn á lögreglustöðina.

Hinn 29. janúar 1954 var nefndur Finnbogi enn yfirheyrður í sakadómi út af framangreindum atburðum, en þá mundi hann ekki, hvernig Árni hafði verið látinn inn í lögreglubifreiðina þarna á staðnum. Finnbogi kvaðst hafa ekið lögreglubifreiðinni í umrætt sinn, og minnir hann, að Árni hafi verið fluttur inn á lögreglustöðina á börum, en mundi ekki fyrir víst, hverjir það hefðu gert. Heim af stöðinni hafi Árni verið fluttur á börum. Vitnið kveður ekkert hafa komið fyrir á leiðinni, er það telji, að hafi getað valdið meiðslum á Árna, enda taldið vitnið, að Árni hefði ekki sætt illri eða óviðeigandi meðferð af hálfu lögreglumannanna að neinu leyti.

Þórður Benediktsson hefur skýrt svo frá í sakadómi hinn 23. júní 1952, að Árni hafi legið í götunni að norðanverðu, er vitnið kom á vettvang. Hafi þeir Jón og Sveinn verið yfir honum og hafi þeir lyft honum upp og borið hann inn í lögreglubifreiðina með aðstoð lögreglunnar. Virtist vitninu þeir Jón og Sveinn vera félagar Árna, enda hafi þeir látið sér mjög annt um hann. Vitnið segir, að er inn í bílinn kom, hafi Árni verið færður úr frakknum og kjóljakkanum, en fötin hafi verið fráflakandi og losaraleg á honum, er verið var að bera hann inn. Vitnið sagði, að Árni hafi virzt meðvitundarlaus og taldi vitnið það stafa af ölvun, enda hafi hann ekki haft nema lítils háttar hrúfl á enni. Vitnið kvaðst ekki hafa haft afskipti af máli þessu á lögreglustöðinni.

Hinn 29. janúar 1954 var nefndur Þórður enn yfirheyrður í sakadómi út af framangreindum atburðum, og skýrði hann þá svo frá, að þeir Jón og Sveinn hefðu lyft Árna upp og lagt hann á gólf lögreglubifreiðarinnar og kveðst vitnið hafa aðstoðað þá við þetta. Kveður vitnið þá hafa farið vel að þessu og útilokað sé, að Árni hafi orðið fyrir neinu hnjaski út af því. Ekki kvaðst vitnið muna nú orðið, hvort Árni var færður úr jakkanum þarna inni í bifreiðinni. Vitnið kvaðst hafa verið aftur í bifreiðinni á lögreglustöðina, og hafi ekkert frásagnarvert gerzt á þeirri leið. Er á lögreglustöðina kom, hafi Árni verið borinn inn, en vitnið kveðst ekki hafa gert það og man ekki hverjir það gerðu. Vitnið taldi útilokað með öllu, að Árni hefði hlotið nokkra ákomu, meðan það var nærstatt honum.

Magnús Sigurðsson lögregluvarðstjóri, er var á verði, er framangreindir atburðir gerðust, hefur skýrt svo frá í sakadómi, að Árni hafi verið borinn inn á lögreglustöðina og lagður þar á bekk. Hafi hann verið algerlega meðvitundarlaus og virzt sofa. Vitnið kvað þá stefndu Svein og Jón hafa sagt þeim þarna á

lögreglustöðinni, að þeir hefðu verið á leið heiman frá sér ásamt Árna og leitt hann á milli sín, en hann hefði dottið í götuna, er þeir slepptu á honum takinu. Áverka kveður vitnið ekki hafa verið á honum, utan minni háttar flumbru á enni. Vitnið segir, að Árni hafi verið frakkalaus, er komið var með hann á lög-reglustöðina, og minnir, að hann hafi ekki verið í jakka, en hann hefði verið í kjólfötum. Vitnið segir, að sér hafi þótt viss-ara, ef tök væru á, að láta lækni líta á Árna, og hafi verið reynt að ná í lækni á læknavarðstofunni, en þar hafi enginn læknir verið við. Vitnið kvaðst hafa vitað, að eigi þýddi að reyna að fá spítalavist, því að það hefði þá áður um nóttina reynzt árang-urslaust að koma manni nokkrum á spítala. Þótti vitninu því réttast að láta flytja Árna heim, úr því sem komið var, og kveðst hafa mælt svo fyrir, að hann skyldi fluttur heim á bör-um. Kveðst vitnið hafa hringt til konu Árna og sagt henni, að Árni væri þar og mundi mjög drukkin og hvort ekki væri í lagi að koma með hann heim. Vitnið segir, að álit þess á ástandi Árna hafi verið það, að hann væri ofurölvi, en þó gæti verið, að um eitthvað annað og alvarlegra væri að ræða. Kvaðst vitnið því hafa beðið þá menn, er fluttu Árna heim, að benda konu hans á að ná til læknis.

Guðmundur Sigurgeirsson lögreglumaður hefur skýrt svo frá í sakadómi, að hann hafi ásamt lögreglumönnunum Trausta Eyj-ólssyni og Finnboga Sigurðssyni flutt Árna heim til sín í um-rætt sinn að boði varðstjóra. Það hafi verið fyrir þá lagt að flytja hann á sjúkrabörum og var það gert, bæði út í bifreiðina og inn til hans. Vitnið kvaðst muna, að á enni Árna hafi verið fleiður rúmlega tveggja krónupenings stórt, en ekki hafi blætt úr því. Aðrir áverkar hafi ekki verið sjáanlegir á Árna, enda hafi eigi verið annað að sjá en hann væri í svefni. Telur vitnið, að þeir lögreglumennirnir hafi farið eins gætilega með Árna og hægt var. Hafi þeir hjálpað konu Árna að færa hann að einh- hverju leyti úr fötunum, og einhver þeirra hafi haft orð á því við hana, að bezt væri að ná í lækni. Þá hafi þeir ennfremur sagt henni frá því, sem þeir vissu um það, sem komið hafði fyrir, og minnti vitnið, að Finnbogi hefði helzt orð fyrir þeim. Vitnið segir, að er það og Trausti hafi komið út úr húsinu aftur, hafi þeir rætt um það sín á milli, hvort það tæki því fyrir þá að fara heim, en vakt þeirra var lokið kl. 6. Hafi þeim þótt fullsnemmt að fara heim, þar sem 20 mínútur eða meira hafi verið eftir af varðtímanum. Finnbogi hafi verið dálítið seinni út

úr húsinu en þeir, en þegar hann kom út, hafi það orðið úr, að hann færi með bílinn niður á lögreglustöð, en þeir Trausti hafi gengið hvor til síns heima. Minnti vitnið fastlega, að klukkuna vantaði 12 mínútur í 6, er það kom heim til sín að Barmahlíð 46, en vitnið segir, að þeir félagar hafi verið búnir að dvelja þó nokkra stund inni í húsi Árna, áður en þeir fóru þaðan.

Trausti Eyjólfsson lögreglumaður hefur skýrt svo frá í saka-dómi, að hann hafi ásamt lögreglumönnum Finnþoga Sigurðs-syni og Guðmundi Sigurgeirssyni flutt Árna heim af lögreglustöðinni að boði varðstjóra. Hafi þeir borið hann með mikilli varkárni á börum út í bifreiðina og einnig inn til hans. Þar hafi þeir aðstoðað konu Árna að afklæða hann. Hafi Árni virzt sofa djúpum svefni. Ekki hafi aðrir áverkar verið á honum en smáskeina á enni. Skýrsla Trausta, eftir að hann kom út úr húsi Árna, er efnislega samhljóða skýrslu Guðmundar Sigurgeirssonar, er rakin hefur verið hér að ofan.

Helga Þorsteinsdóttir, eiginkona Árna, hefur skýrt svo frá hér fyrir dóminum, að lögreglan hafi flutt Árna heim um 6-leytið framangreindan morgun. Hafi þeir þá aðeins sagt henni, að Árni hefði dottið úti á götu og vissara væri að ná í lækni. Með því að Helga taldi mjög erfitt að ná í lækni á læknavarðstofunni á þessum tíma sólarhrings og þar eð hún taldi möguleika á að ná í heimilislækninn, Grím Magnússon, kvaðst hún hafa reynt að ná í hann um kl. 8 um morguninn, en hann hafi þá verið farinn í sjúkravítjun. Síðar um morguninn komst Helga í samband við Bjarna Bjarnason lækni.

Skal nú greint frá líkamsáverkum þeim, er Árni varð fyrir:

Bjarni Bjarnason læknir vitjaði Árna Björnssonar á heimili hans skömmu eftir hádegi 14. júní. Hann var þá í djúpu meðvitundarleysi. Hann hafði fleiður á enni vinstra megin, tveggjakrónupenings stórt, hann og bólginn á báðum kinnum, undir kinnbeinum og neðan til á þeim, og á hægri kinn saust 2 litlir, blóðhlaupnir blettir. Síðara hluta dags var Árni fluttur á spítala; hann var þá sljór og gat ekkert sagt, en virtist þó vita af sér. Virtist hann alveg lamaður hægra megin. Samkvæmt vottorði spítalans hafði hann fleiður á enni, en ekki aðra áverka á andliti, en innanfótar á kálfum og hnjám beggja fóta voru marblettir. Hann lá á Landspítalanum, unz hann var fluttur til Kaupmannahafnar og lagður inn á neurokirurgisku deild ríkisspítalans þar og opereraður. Segir svo í vottorði Gríms Magnússonar læknis, dags. 31. janúar 1953:

„ Fannst þá subduralt hæmatom báðum megin. Sjúklingurinn lá á spítala í Kaupmannahöfn þar til 1. október og var þá farinn að ganga dálítið og tala einföldustu setningar, skildi hann þá talsvert af einfaldasta viðtali. Hins vegar var hann mjög minnislítill og gerði sér litla grein fyrir umhverfi sínu. Eftir að Árni kom heim 1. október s.l., hefur honum farið lítið eitt fram í líkamsstyrk og andlegum hæfileikum. Hugsanalíf hans og minni er þó mjög fátæklegt. Hann man ekki stundinni lengur, hvaða mánuður er eða dagur, man ekki nöfn kunningja sinna, þekkir ekki bókstafi og getur auðvitað ekki lesið neitt.

Þetta er aðeins lítið brot af öllu því, sem Árna er áfátt um, en nóg til að sýna, að hann er ósjálfbjarga eins og barn. Framfarir síðustu mánuðina hafa verið mjög litlar og líkur fyrir, að Árni nái aftur sínum fyrri sálargáfum, eru engar. Öll líkindi benda til þess, að Árni verði að verulegu leyti ósjálfbjarga upp frá þessu, þótt enn þá geti verið von nokkurra smávægilegra framfara.“

Samkvæmt vottorði Úlfars Þórðarsonar læknis hefur Árni misst sjón á vinstra auga. Segir svo í vottorðinu meðal annars:

„ Í peripheri sjást einkum nasalt einstaka æðar (venur og arteríur). Ef reynt er að fylgja þessum æðum inn að opticus, hverfa þær fljótlega sýnum og liggur yfir þeim hula, sem er mjög þétt, þannig að ekki sézt allra minnsti vottur um æðar eða nervus opticus. Þessi hula er þétt í sér og nær, að því er virðist, yfir á allt aðalsvæði retina líkt og skjöldur, sem er þynnstur í röndum og bungar fram um miðjuna. (Hér er sennilega um organiserað exudat og coagel að ræða). Framan við þennan massa virðist corpus vitreum vera nokkuð frítt við blóð-detritus eða aðrar leifar af hæmorrhagium.

Sjón á auganu er ljósskynjun framan við augað.“

Í sakadómi hinn 26. júní 1952 lýsti Bjarni læknir Bjarnason yfir því álit, að áverkar Árna gætu ekki verið afleiðingar af falli í götuna einu saman og taldi hann mjög líklegt, að áverkarnir stöfuðu af hnefahöggi. Þá var málið lagt fyrir Læknaráð hinn 3. október 1952 og spurt, hvaða ályktanir yrðu dregnar af gögnum þeim, er fyrir lögju um meiðsli Árna Björnssonar um það, hvernig meiðslin væru til komin og sérstaklega, hvort líkur væru til, að hann hefði orðið fyrir höggi, sparki eða annarri ákomu, áður en hann féll á götuna.

Ályktun Læknaráðs er svohljóðandi:

„Af þeim gögnum, sem fyrir liggja, einkum vottorði Bjarna

Bjarnasonar, starfandi læknis í Reykjavík, virðist mega ráða, að Árni Björnsson hafi fengið áverka efst á enni vinstra megin og á báðar kinnar.

Af sjúkdómseinkennum mannsins má ráða, að hann hafi fengið mar á heilann vinstra megin, sem orsakar máttleysi og málleysi. Við mænuvökvarannsókn í Landspítalanum fannst ferskt blóð, sem sýnir, að blætt hefur undir línu heilahimnunnar, eins og jafnan á sér stað við mar á yfirborði heilans. Ennfremur blæddi á vinstra auga strax eftir áfallið.

Marið á vinstra heilahveli hefur sennilega hlotið af áverka þeim, sem merki sáust um efst á enninu vinstra megin.

Ummerki þau, sem fundust í taugasjúkdómadeild Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn við aðgerð þar, og sýndu, að blætt hafði undir heilabasti yfir báðum heilahvelum, hafa sennilega ágerzt smám saman frá fallinu, því að slíkar blæðingar gerast venjulega á löngum tíma, er blóð síast hægt út úr smáæðum, sem rifnað hafa við áverkann.

Eins og fyrr getur, sbr. vottorð Bjarna Bjarnasonar læknis, voru þessi einkenni um ytri áverka sýnileg daginn eftir að Árni Björnsson slasaðist:

1. Fleiður efst á enni, vinstra megin.
2. Bólga á báðum kinnum undir kinnbeinum og neðan til á þeim og hægri kinn tveir litlir, blóðhlaupnir blettir.

Það virðist ekki mögulegt, að þau áverkaeinkenni, sem talin eru undir 2. tölulið, hafi getað stafað af einu falli í götuna, en aftur á móti vel af hnefahöggum. Verður því að álíta sennilegt, að hann hafi hlotið þau, áður en hann féll.

Að því er varðar fleiðrið á enninu, hefur það getað orsakast á þrennan hátt:

1. Af árekstri eða falli, t. d. á húsvegg eða annað hliðstætt.
2. Af höggi með hörðum, sléttum hlut.
3. Af falli á götuna.

Þess er ekki getið, að sandkorn eða götuóhreinindi hafi verið í fleiðrinu efst á enni, en þessa hefði mátt vænta, ef það hefði stafað af falli í götuna.“

Í sakadómi 26. júní 1952 staðfesti Bjarni Bjarnason læknir framangreint vottorð sitt og ítrekaði aðspurður það álit sitt, að útlokað væri, að stefnandi hefði fengið áverka þessa við það eitt að detta, enda hafi hann ekki verið neitt meiddur á nefi. Taldi Bjarni áverka stefnanda hafa verið slíka, að mjög líklegt væri, að þeir stöfuðu af því, að hann hefði fengið hnefahögg.

Samkvæmt vottorði Gríms Magnússonar læknis, dags. 18. nóvember 1954, hafði heilsufar Árna þá tekið þessum breytingum, frá því að sami læknir gaf vottorð það, sem rakið hefur verið hér að framan, dags. 31. janúar 1953:

„Árni á nú auðveldara með allar hreyfingar, getur gengið staf-laust og ratar talsvert um bæinn, svo að hann getur farið út án umsjár. Hann man nokkru betur nöfn og atburði en áður og áttar sig á tímatalinu. Hann kann hvorki að lesa né skrifa, en þekkir alla stafi og getur stautað einföldustu orð. Skilningur hans og hugsun nær ekki út fyrir það allra einfaldasta og framkoma hans líkist mest framkomu 2—3 ára barns.

Af þessu er ljóst, að framför hefur verið mjög lítil, einkum á andlega sviðinu, og er Árni því nálega jafnósjálfbjarga og áður. Engar líkur eru til þess, að Árni nái bata, sem neinu nemur fram yfir þetta, en talsverðar líkur á, að alvarleg eftirköst eigi eftir að koma fram, t. d. flogaveiki.“

Hinn 4. marz 1955 vottar sami læknir, að heilsufar Árna megi heita „alveg óbreytt“, frá því að hann skrifaði síðasta vottorð, „hvorki miðað í átt til bata og ekki heldur versnað.“

Sama dag vottar Úlfar Þórðarson augnlæknir á þessa leið um sjón Árna:

„Undirritaður hefur undanfarin ár fylgzt með sjón Árna Björns-sonar píanóleikara, Mjóuhlíð 10, og get vottað, að sjón hans er í öllum aðalatriðum sú sama og ég vottaði þ. 7/5 1953, sem sé sjón á vinstra auga, (sem er hið skaddaða), einungis ljósskynjun fyrir framan augað, sem er, að augað skynjar ljós fyrir framan augað í ca. 20 cm fjarlægð, en ekki handahreyfingar í sömu fjarlægð.“

Þá hefur og verið lagt fram í málinu vottorð Gríms læknis Magnússonar, dags. 25/11 1958. Í upphafi vottorðsins er sjúkra-saga Árna rakin stuttlega, síðan segir svo:

„.... Árni missti bæði mál og vit og hefur hvorugt náð sér nema að litlu leyti, einkum er öllum skilningi hans ábótavant. Auðvitað er hann með öllu óvinnufær. Engin líkindi eru til neinna verulegra framfara hédan af.“

Bergþór Smári, sérfræðingur í lyflækningum, hefur skoðað Árna og metið örorku hans. Vottorð, sem dagsett er 2. des. 1958, hefst á því, að læknirinn rekur sjúkrasögu Árna, síðan segir svo:

„Slasaði mætti til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum 27. nóv. 1958. Hann hefur ekkert getað unnið síðan hann meiddist. Hann virðist skilja sæmilega það, sem við hann er talað, og getur svarað einföldum spurningum. Man, hvað hann heitir o.

s. frv., en er annars minnissljór. Getur mjög lítið lesið, stautar eins og illa læst barn. Málfar virðist stirt og orðaforði mjög lítill. Blindur á vinstra auga.

Blóðþrýstingur 150/80. Hlustun á hjarta og lungum eðlileg. Kraftar í útlimum eru sæmilega góðir, sinaviðbrögð eðlileg. Koordination er ekki góð í hægri fótlim, en annars sæmileg.

Niðurstaða: Slasaði varð fyrir miklum höfuðáverka í júní 1952, blæddi undir heilahimnur báðum megin og í vinstra auga. Missti bæði mál og vit, og hefur hvorugt komið aftur nema að litlu leyti. Auk þess blindur á öðru auga.

Slasaði verður að teljast alger öryrki, því að tæplega er hægt að hugsa sér, að hann geti unnið neitt starf, eins og komið er fyrir honum, og verður að teljast vonlaust um verulegan bata úr þessu.

Þykir varanleg örorka hans af völdum ofangreindra áverka hæfilega metin:

100%.

Með dómkvaðningu borgardómara hinn 25. febrúar 1960 voru dr. med. Bjarni Jónsson og Kjartan R. Guðmundsson, sérfræðingur í taugasjúkdómum, kvaddir til að segja álit sitt á því, „hvort meðferð lögreglunnar á Árna Björnssyni aðfaranótt 14. júní 1952 hafi átt þátt í því, að afleiðingar slyssins urðu þær, að hann varð 100% öryrki, og ef svo er, þá á hvern hátt og að hve miklu leyti.“

Álitsgerð lækna, sbr. dskj. nr. 15, er dags. 18. marz 1960 og hljóðar svo, að loknum inngangsorðum:

„Við höfum lesið skjöl málsins, sem okkur voru send, og auk þess fengið til yfirlestrar sjúkraskrá Árna Björnssonar á handlæknisdeild Landspítalans, en þar lá hann frá 14.6—11.7. 1952.

Við höfum einnig talað við lögmenn þá, sem flytja málið fyrir dómi, og höfðu þeir engu við að bæta málsskjölin.

Af þessum gögnum fáum við ekki séð, að meðferð lögreglunnar eigi þátt í því, hverjar urðu afleiðingar slyssins. Mar það á heilahveli og blæðing sú undir heilabast, sem sjl. fékk, eru afleiðingar af miklum áverka, en ekki verður það séð af gögnum málsins, að hann hafi orðið fyrir áverka meðan hann var í vörzlu lögreglunnar.

Ekki verður heldur ályktað, að önnur meðferð hefði verið tekin upp, þótt hann hefði strax komizt undir læknishendi eða í sjúkrahús.“

Báðir ofangreindir lækmar staðfestu álitsgerð þessa á dóm-

þingi í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 18. maí 1960 og kváðu hana gerða eftir beztu samvizku og þekkingu.

Í sama þinghaldi voru lagðar fyrir lækna eftirfarandi spurningar, sbr. dskj. nr. 17:

1. spurning:

Telur vitnið, að forsvaranlegt hafi verið af lögregluþjónunum að leggja stefnanda, eins og hann var á sig kominn á slysstað, á bert gólf lögreglubifreiðarinnar og flytja hann þannig í lögreglustöðina?

2. spurning:

Telur vitnið útilokað, að meiðsli stefnanda hafi aukizt við meðferð þá, er hann sætti í flutningi fyrst af slysstað á lögreglustöðina og síðan þaðan heim til sín?

Dr. med. Bjarni Jónsson svaraði spurningunum þannig:

1. „Ég tel æskilegast, að slasaðir menn séu ætíð fluttir í sjúkrahús af þeim mönnum, sem vanir eru sjúkraflutningum.“
2. „Það er ekki hægt að útiloka, að flutningur eins og þessi geti orsakað áverka á heila, en til þess þarf farartækið að verða fyrir miklum hristingi eða árekstri, og ekkert er í skjölum málsins, sem bendir á, að það hafi komið fyrir. Það er einungis sagt í málsskjölum, að ekið hafi verið niður á lögreglustöð, og þess ekki getið, að götur hafi verið með óvenjulegum hætti eða nokkuð komið fyrir á ferðalaginu. Sé það rétt með farið, tel ég, að áverkinn hafi ekki aukizt við þennan flutning.“

Kjartan R. Guðmundsson læknir svaraði spurningunum þannig:

1. „Ég tel, að æskilegra hefði verið að leggja hann á sjúkrabörur.“
2. „Mjög ósennilegt tel ég, að meiðslin hafi aukizt við flutninginn.“

Með úrskurði, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 8. september 1960, var mál þetta lagt fyrir Læknaráð og þess beiðzt, að ráðið léti í ljós álit sitt á eftirfarandi atriðum:

1. „Fellst Læknaráð á álitssgerð lækna dr. med. Bjarna Jónssonar og Kjartans R. Guðmundssonar á dskj. nr. 15 svo og svör þeirra við spurningunum á dskj. nr. 17, er þeir létu uppi fyrir dómi hinn 18. maí 1960.“
2. „Ef Læknaráð fellst ekki á framangreinda álitssgerð, er óskað úrskurðar um það, á hvern hátt og að hve miklu leyti meðferð sú, er stefnandi sætti af hendi lögreglunnar aðfaranótt 14. júní 1952, eigi þátt í þeirri varanlegu örorku, sem hann telst hafa beðið þá nótt.“

Úrskurður Læknaráðs, sem dagsettur er 31. desember 1960, var á þá lund, að ráðið féllst á álitserð ofanritaðra lækna á dskj. nr. 15 svo og svör þau við spurningunum á dskj. nr. 17, er þeir gáfu á dómþingi hinn 18. maí 1960 og rakin hafa verið hér að framan.

Verður nú lítillaga vikið að refsímáli, er höfðað var á hendur þeim Jóni Sigurðssyni og Sveini Einarssyni vegna framangreindra atburða, en með ákæruskjali, útgefnu af dómsmálaráðherra hinn 17. desember 1953, voru þeir ákærðir fyrir að hafa gerzt sekir um: „1) Að því er Jón varðar, rán og líkamsárás samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og 218. gr. sömu laga, en til vara hlutdeild í gripdeild eða þjófnaði samkvæmt 245. gr. almennra hegningarlaga eða 244. gr. sömu laga, sbr. 22. gr. sömu laga, og líkamsárás samkvæmt 218. gr. sömu laga og 2), að því er Svein varðar, rán samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, en til vara gripdeild eða þjófnað samkvæmt 245. gr. eða 244. gr. sömu laga, með því 1), að því er Jón varðar, að ráðast aðfaranótt 14. júní 1952 á Tómas Albertsson og Árna Björnsson á Bjargarstíg í Reykjavík og berja þá báða þannig, að Tómas féll í rot, en Árni hlaut mjög stórvægileg meiðsli, og samþykkja síðan, að meðákærður Sveinn tæki peninga, kr. 220.00, sem Tómas hafði í fórum sínum, er hann lá í roti á götunni, og 2), að því er Svein varðar, að taka peninga, kr. 220.00, af Tómasi Albertssyni, þar sem hann lá í götunni, eftir að meðákærði Jón hafði barið hann í framangreint skipti.“

Hinn 11. marz 1955 var kveðinn upp Hæstaréttardómur í máli þessu, þar sem báðum hinum ákærðu var dæmd refsing. Í forsendum dóms þessa segir m. a. á þessa leið:

„Þá kemur til athugunar, hvort sannað telst, að ákærði Jón Sigurðsson sé valdur að hinum stórkostlegu meiðslum, sem Árni Björnsson tónskáld hlaut í umrætt skipti. Telja verður ljóst af vottorði Bjarna læknið Bjarnasonar, sem greint er frá í héraðsdómi, svo og þegar litið er til innri áverka og hinna miklu blæðinga, sem Árni hlaut, að hann hefur orðið fyrir miklum höggum á andlit, sem sennilegast hafa verið greidd honum með krepptum hnefa, enda styðst það við álit Læknaráðs. Að einhverju leyti kunna áverkar hans að stafa af hörðu falli, sem leitt hafi af árásinni. Eftir því sem leitt er í ljós um feril Árna umrædda nótt, getur engum öðrum verið til að dreifa um árásina en ákærðu í máli þessu. Þegar nú litið er til aðfara ákærða

Jóns gagnvart Tómasi Albertssyni í sömu andrá og Árna var veittur áverki svo mikill, að hann féll meðvitundarlaus til jarðar, stillilega framkomu ákærða Sveins að vætti vitna, þess framburðar hans, að ákærði Jón hafi undið sér að Árna og hafi sér virzt hann slá hann, enda hafi hann kastast út af gangstéttinni og loks þegar virt er sú játning ákærða Jóns, „að vera meg, að hann hafi slegið Árna“, og að hann geti „vel trúað því, að hann hafi lagt eitthvað til hans“, þykir ekki varhugavert að telja nægjanlega í ljós leitt, að það hafi verið ákærði Jón, en ekki ákærði Sveinn, sem greiddi Árna Björnssyni högg þau, er hinir miklu áverkar hans stafa beint eða óbeinlínis af. Árás þessi á Árna, sem ekki gat borið hönd fyrir höfuð sér og var því varnarlaus með öllu, var gerð án nokkurra saka af hans hálfu.“

Stefnandi byggir stefnukröfu sína gagnvart stefnda Jóni Sigurðssyni á því, að með framangreindri líkamsárás á stefnanda, aðfaranótt 14. júní 1952, sem hann var talinn sannur að í dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 11. marz 1955, hafi hann valdið stefnanda gífurlegu heilsutjóni, sem hann beri að sjálfsögðu fébótaábyrgð á.

Kröfu sína gagnvart stefnda Sveini Einarssyni byggir stefnandi á því, að hann sé skaðabótaskyldur fyrir hlutdeild í árásinni á stefnanda, með því að aðhafast ekkert til að koma í veg fyrir hana eða koma stefnanda til hjálpar, eftir að Jón Sigurðsson hafi verið tekinn að misþyrma honum né heldur kalla á aðstoð.

Að lokum telur stefnandi, að ríkissjóður sé einnig skaðabótaskyldur gagnvart honum vegna heilsutjóns hans. Lögreglan hafi farið með hann sem öldauðan mann. Látið árársarmennina bera hann inn í lögreglubifreiðina og leggja hann hart á gólf hennar, án þess að hafa nokkuð teppi eða annað þess háttar undir honum. Þá hafi lögreglan eigi veitt honum nokkra aðhlynningu eða hjúkrun. Lögregluþjónarnir muni ekki, hvort hann hafi verið fluttur inn á lögreglustöðina á börum eða á annan hátt. Enginn læknir hafi verið fenginn til að líta á stefnanda, meðan hann dvaldi á lögreglustöðinni.

Þessa meðferð lögreglunnar telur stefnandi hafa verið óforvaranlega með öllu og álítur, að hún hafi stuðlað að því, hversu alvarlegar afleiðingar árásarinnar urðu. Á þessum yfirsjónum lögreglunnar beri ríkissjóður að sjálfsögðu fébótaábyrgð.

Að endingu hefur stefnandi mótmælt matsgerð þeirra dr. med.

Bjarna Jónssonar og Kjartans R. Guðmundssonar læknis á dskj. nr. 15 sem rangri svo og úrskurði Læknaráðs á dskj. nr. 19.

Af hálfu stefnda Jóns Sigurðssonar hafa engar varnir komið fram í málinu.

Stefndi Sveinn Einarsson reisir sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi, að stefnandi hafi hlotið framangreinda áverka með þeim hætti, að stefndi Sveinn hafi engin tök haft á að afstýra þar neinu, sbr. dóm Hæstaréttar frá 11. marz 1955.

Í öðru lagi kveður stefndi það sannað með lögfullri sönnun, að hann hafi gert allt, sem hann gat til að hlynna að stefnanda eftir árásina, og í samráði við hann hafi verið hringt á lögregluna og hún beðin um aðstoð. Þessu til áréttingar vitnar stefndi í framburði þeirra vitna, er borið hafa um atburði þessa og raktir hafa verið hér að framan.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, byggir sýknukröfu sína á því, að það sé alrangt, að rekja megi örorku stefnanda til meðferðar lögreglunnar á honum, heldur sé það þvert á móti álit Bjarna Bjarnasonar læknis svo og Læknaráðs, sbr. fyrri úrskurði þess, að stefnandi hafi hlotið örkumlin af hnefahöggum, áður en hann féll í götuna.

Kröfum sínum til frekari stuðnings vitnar stefndi einnig í matsgerð læknanna, þeirra dr. med. Bjarna Jónssonar og Kjartans R. Guðmundssonar á dskj. nr. 15, sem Læknaráð staðfesti, sbr. síðari úrskurð þess, uppkveðinn 31. desember 1960, en gögn þessi hafa öll verið rakin hér að framan.

Af því, sem nú hefur verið getið, telur stefndi það ljóst, að heilsutjón stefnanda sé árásarmönnunum einum að kenna.

Þá mótmælir stefndi því sem röngu og ósönnuðu, að farið hafi verið harkalega eða gálauslega með stefnanda, meðan hann var í vörzlum lögreglunnar. Hann telur það hafa verið eðlilegt að leggja stefnanda á gólf lögreglubifreiðarinnar, eins og á stóð, þar eð ætla hafi mátt, að hann væri beinbrotinn, en í slíkum tilfellum sé ætíð varlegast að láta menn liggja á sem sléttustum fleti.

Á lögreglustöðinni hafi varðstjórinn árangurslaust reynt að ná í lækni, meðan stefnandi dvaldi þar, sem stefndi telur að hafi eigi verið lengur en í 15 mínútur.

Síðan hafi hann verið fluttur heim af lögreglumönnum, er segjast hafa farið mjög varlega með hann og ráðlagt eiginkonu hans að sækja lækni. Hins vegar hafi eiginkonu stefnanda ekki gengið betur að ná í lækni en varðstjóranum, því að fyrsti læknir,

er skoðað hafi stefnanda eftir slysið, hafi verið Bjarni Bjarnason, er vitjað hafi stefnanda á heimili hans skömmu eftir hádegi daginn eftir árásina. En síðan hafi liðið 5—6 stundir, þar til stefnandi hafi verið fluttur á spítala. Virðist þetta benda til, að erfitt hafi verið að ná í spítalarúm eða að hvorki læknirinn né eiginkona stefnanda hafi talið meiðsli hans svo alvarleg, sem raun hafi orðið á.

Af öllu því, sem nú hefur verið rakið, telur stefndi fjármálaráðherra það ljóst, að lögreglunni verði á engan hátt kennt um meiðsli stefnanda eða afleiðingar þeirra, hvorki af þeim ástæðum að stefnandi hafi hlotið harkalega meðferð af hennar hálfu né heldur, að hún hafi sýnt af sér nokkurt gáleysi í meðförum á honum.

Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 11. marz 1955, og getið hefur verið hér að framan, verður að telja sannað samkvæmt 1. mgr. 196. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 2. mgr. 168. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála, að stefndi Jón Sigurðsson hafi veitt stefnanda þá áverka, er leiddu til hins gífurlega heilsutjóns hans. Verður hann því dæmdur til að bæta stefnanda allt það tjón, er hann hefur orðið fyrir vegna líkamsárásarinnar.

Eigi er sannað, að stefndi Sveinn Einarsson hafi veitzt að stefnanda í umrætt sinn. Telja verður, af því sem í ljós er leitt um árásina, að hún hafi orðið með það snöggum hætti, að Sveinn hafi eigi verið þess umkominn að afstýra henni. Ekki verður heldur séð, að Sveinn hafi aðhafzt nokkuð það gagnvart stefnanda eftir árásina, er baka eigi honum bótaskyldu — þvert á móti virðist hann hafa veitt stefnanda þá aðhlynningu, er föng voru á og eigi viljað yfirgefa hann þarna á staðnum, sbr. framburð Sigurðar Arnar Einarssonar, heldur viljað láta ná í lögregluna til að fjalla um mál þetta, sbr. framburð Roberts Free-lands Gestssonar.

Þegar það er virt, sem nú hefur verið rakið, þykir verða að sýkna stefnda Svein Einarsson af kröfum stefnanda í máli þessu.

Með tilliti til vottorðs Bjarna Bjarnasonar læknis, matsgerðar læknanna, þeirra dr. með. Bjarna Jónssonar og Kjartans R. Guðmundssonar svo og beggja lækna ráðsúrskurðanna þykir ekki talið sannað, að meðferð lögreglunnar á stefnanda hafi átt þátt í heilsutjóni hans. Ber því að sýkna stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs af kröfum stefnanda í málinu.

Stefnandi hefur sundurliðað stefnukröfu sína þannig:

1. Örorkutjón	kr. 718.515.00
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 250.000.00
3. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	— 250.000.00

Samtals kr. 1.218.515.00

Fjárhæð þessi kemur heim við stefnufjárhæðina. Verða nú hinir einstöku liðir stefnukröfunnar teknir til athugunar.

Um 1. lið.

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur reiknað út örorkutjón stefnanda á grundvelli framangreinds örorkumats Bergþórs Smára læknis. Í útreikningi tryggingafræðingsins, sem dagsettur er 23. janúar 1959, er stefnandi sagður fæddur 23. desember 1905 og hefur því verið 46 ára að aldri, er hann slasaðist.

Tryggingafræðingurinn lætur þess getið, að nokkur vafi geti leikið á, hvað telja beri til vinnutekna stefnanda, en séu dregnar frá launum hans samkvæmt skattframtali greiðslur frá Stefi og listamannastyrkur úr ríkissjóði, hafi vinnutekjur hans samkvæmt skattframtali verið sem hér segir starfsárin 1950—1953:

Ár 1950	kr. 34.738.67
— 1951	— 40.076.71
— 1952	— 39.907.50
— 1953	— 19.150.88

Árin 1954—1957 hefur stefnandi ekki haft tekjur, sem talizt geti til vinnutekna.

Launagreiðendur ofangreind ár hafa verið Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveitin, Tónlistarskólinn o. fl. Samkvæmt upplýsingum, er tryggingafræðingurinn hefur aflað sér, hafa orðið miklar breytingar á kjörum manna, er vinna sömu störf og stefnandi vann, á árunum 1950—1958. Verðmæti tapaðra vinnutekna hefur tryggingafræðingurinn reiknað út á eftirfarandi tvo vegu:

A. *Vinnutekjur fyrir ákveðin störf.*

Stefnandi hafði verið fastur leikari í Sinfóníuhljómsveitinni, en síðan hafa orðið breytingar á skipulagi hennar, launakjörum og starfi. Meðlimir hennar taka nú laun samkvæmt 9. flokki launalaga, sem námu kr. 64.185.00 árið 1958. Ef gert er ráð fyrir, að stefnandi hefði ennfremur haldið áfram störfum hjá Tónlistarskólanum og Lúðrasveit Reykjavíkur, hefði hann árið 1958 fengið kr. 17.850.00 fyrir þau störf. Sé gert ráð fyrir, að önnur auka-störf hefðu fallið niður með auknum föstum störfum, hefðu vinnutekjur hans alls numið kr. 82.035.00 árið 1958, þ. e. 27.81% meira en laun samkvæmt 9. flokki launalaga. Miðað við þetta

hlutfall frá slysdegi og til frambúðar, reiknast tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra vinnutekna nema frá slysdegi kr. 892.272.00. Er þá gert ráð fyrir starfi til 70 ára aldurs, hefðu starfskraftar enzt.

B. Vinnutekjur 1950 og 1951.

Ef vinnutekjur áráanna 1950 og 1951 eru umreiknaðar með tilliti til breytinga, er orðið hafa á launum samkvæmt 9. flokki launalaga, en meðalvinnutekjur þessara tveggja ára voru 13.88% hærri en þau laun, reiknast tryggingafræðingnum verðmæti tapaðra vinnutekna nema á slysdegi kr. 795.024.00.

C. Verðmæti lífeyris.

Stefnandi var í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og hefði öðl-
azt þar lífeyrisrétt, ef honum hefðu enzt starfskraftar. Á móti kemur, að honum hefur verið greiddur barnalífeyrir úr sjóðnum, nýtur nú örorkulífeyris almannatrygginga og iðgjöld til lífeyris-
sjóðs hafa fallið niður.

Verðmæti örorku- og barnalífeyris, sem stefnandi nýtur, reiknast tryggingafræðingnum nema á slysdegi:

Örorkulífeyrir kr. 121.222.00

Barnalífeyrir — 61.264.00

.. Alls kr. 182.486.00

Verðmæti elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyris, sem lífeyris-
sjóðurinn gat vænt að þurfa að greiða, að frádregnum iðgjöldum, reiknast tryggingafræðingnum nema á slysdegi:

Elli- og örorkulífeyrir .. kr. 64.023.00

Ekkju- og barnalífeyrir — 38.500.00

Frá dragast iðgjöld — 27.925.00

Alls kr. 74.598.00

Verðmæti þess, er stefnandi fær, er því kr. 107.888.00 umfram það, er hann hefði mátt gera ráð fyrir að fá, ef starfskraftar hans hefðu enzt.

D. Greiðslur frá Stefi.

Eins og tekið hefur verið fram hér að framan, hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna, er stefnandi hefur fengið frá Stefi fyrir flutning tónverka hans, enda er hér um að ræða tekjur af störfum, sem unnin hafa verið áður. Hins vegar verður

að gera ráð fyrir, að slysið hafi valdið honum missi frambúðar-
tekna af þessari iðju, þar eð hann verði ekki framar fær um
að semja tónverk. Um þetta atriði telur tryggingafræðingur-
inn sér ekki fært að gera neina áætlun.

E. Niðurstaða.

Tryggingafræðingurinn getur þess, að hér að framan hafi verið
miðað við þágildandi vísitölu (202 stig), en vegna óvissu þeirrar,
er ríki um kauplag næstu mánuði, hefur hann hér á eftir dregið
saman yfirlit um verðmæti vinnutekna og lífeyris, annars vegar
miðað við vísitölu 202 stig, en hins vegar miðað við vísitölu
175 stig (lífeyrir almannatrygginga og barnalífeyrir miðast þó
við vísitölu 185 stig), svo sem gert var ráð fyrir í frumvarpi
ríkisstjórnarinnar, er þá lá fyrir Alþingi. Reiknast trygginga-
fræðingnum þá niðurstaðan verða, sem hér segir, miðað við
slysdag:

A. Vinnutekjur reiknaðar samkvæmt A-lið:

	Vísitala 202	Vísitala 175
Verðmæti tapaðra vinnutekna ..	kr. 892.272.00	kr. 819.613.00
Frádráttur vegna lífeyris	— 107.888.00	— 101.098.00
	Alls kr. 784.384.00	kr. 718.515.00

B. Vinnutekjur reiknaðar samkvæmt B-lið:

	Vísitala 202	Vísitala 175
Verðmæti tapaðra vinnutekna ..	kr. 795.024.00	kr. 730.284.00
Frádráttur vegna lífeyris	— 107.888.00	— 101.098.00
	Alls kr. 687.136.00	kr. 629.186.00

Tryggingafræðingurinn tekur fram, að í útreikningi þessum
hafi hann ekki tekið tillit til dagpeninga, er stefnandi kunni að
hafa fengið frá Tryggingastofnun ríkisins fyrst eftir slysið.

Önnur atriði í reikningsgrundvellinum en þau, er nú hafa
verið rakin, eru, að reiknað er með 6% töflum, lífrentu- og aktíf-
töflum, samræmdum eftir lifendatöflum íslenskra karla árin 1941
—1950.

Þegar þess er gætt, að bætur þessar eru undanþegnar tekju-
skatti og tekjuútsvari og þess, að vextir eru nú almennt hærri
hér á landi en tryggingafræðingurinn hefur reiknað með, þykir
rétt að lækka útreikning hans nokkuð. En við ákvörðun bóta
samkvæmt þessum lið ber jafnframt að hafa í huga, að á tíma-
bili því, sem liðið er frá því að útreikingur þessi var gerður,

hafa orðið tvær gengisfellingar á hinni íslenzku krónu svo og almenn launahækkun. Þegar það er virt, sem nú hefur verið rakið og önnur atriði höfð í huga, er hér skipta máli, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 650.000.00.

Um 2. og 3. lið.

Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkrasaga hans verið rakin eftir þeim gögnum, er fyrir liggja. Auk þess hefur stefnandi komið til viðtals við dómarrann. Ljóst er, að stefnandi hefur orðið fyrir mjög alvarlegri röskun á stöðu og högum vegna skerðingar á andlegri hæfni og persónuleika fyrir utan hina líkamlegu áverka.

Þegar virt er það, sem nú hefur verið rakið, þykja bætur til stefnanda fyrir þessa kröfuliði hæfilega metnar kr. 200.000.00.

Úrslit málsins verða þá samkvæmt framansögðu þau, að stefndi Jón Sigurðsson verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 850.000.00 (þ. e. kr. 650.000.00 + kr. 200.000.00) með 6% ársvöxtum, sem reiknast frá 9. apríl 1955, þar sem vextir frá fyrri tíma voru fyrndir, er málið var höfðað 9. apríl 1959, sbr. 2. t.l 3. gr. laga nr. 14/1905.

Samkvæmt þessum málalokum verður stefndi Jón Sigurðsson dæmdur til að greiða málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 48.649.50, er renni í ríkissjóð, en útlagður kostnaður samkvæmt reikningi, lögðum fram af talsmanni stefnanda, Þorvaldi hæstaréttarlögmanni Lúðvíkssyni, hefur numið kr. 8.499.50, þar við bætist þingfestingarkostnaður kr. 150.00.

Málflutningslaun Þorvalds hæstaréttarlögmanns Lúðvíkssonar, kr. 40.000.00 og útlagður kostnaður, kr. 8.499.50, greiðist úr ríkissjóði.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður gagnvart stefndu, Sveini Einarssyni og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndu Sveinn Einarsson og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Árna Björnssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Stefndi Jón Sigurðsson greiði stefnanda, Árna Björnssyni, kr. 850.000.00 með 6% ársvöxtum frá 9. apríl 1955 til greiðsludags og málskostnað, kr. 48.649.50, sem renni í ríkissjóð.

Málflutningslaun Þorvalds hæstaréttarlögmanns Lúðvíks-

sonar, talsmanns stefnanda, kr. 40.000.00, og útlagður kostnaður, kr. 8.499.50, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. nóvember 1963.

Nr. 99/1962. **Sveinbjörn Jónsson f. h. Penning Leendert vegna Neerlandia, eiganda v/s Nisse frá Rotterdam**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Jónasi Rafnar f. h. eiganda v/s Asks, KE 11,
(Páll S. Pálsson hrl.)

og

Benedikt Sigurjónssyni f. h. eiganda v/s Þorsteins, ÞH 285, (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
og gagnsakir

Dómsendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason og Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theódór B. Línal.

Björgunarlaunamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júlí 1962. Gerir hann þær kröfur, að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en að gagnáfrýjendum verði gert að greiða honum in solidum málskostnað í Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Jónas Rafnar f. h. eiganda v/s Asks, KE 11, hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. nóvember 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 912.000.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 21. ágúst 1960 til 29. des-